

LÖG

um breytingu á lögum um fæðingar- og foreldraorlof og lögum um sorgarleyfi (fyrirkomulag greiðslna).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 144/2020.

1. gr.

Í stað orðanna „skulu koma“ í 1. mgr. 54. gr. laganna kemur: skulu eiga við um alla foreldra sem eiga rétt á greiðslum á grundvelli laga þessara, óháð því hvenær börn þeirra fæðast, eru frumættleidd eða tekin í varanlegt föstur, og skulu greiðslurnar koma.

2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða III og IV í lögnum falla brott.

II. KAFLI

Breyting á lögum um sorgarleyfi, nr. 77/2022.

3. gr.

Í stað orðanna „skulu koma“ í 1. mgr. 33. gr. laganna kemur: skulu eiga við um alla foreldra sem eiga rétt á greiðslum á grundvelli laga þessara, óháð því hvenær barnsmíssir, andvanafæðing, fösturlát eða makamíssir á sér stað, og skulu greiðslurnar koma.

4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II og III í lögnum falla brott.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2026.

Gjört á Bessastöðum, 24. desember 2025.

Halla Tómasdóttir.

(L. S.)

Inga Sæland.